Kinhöfn. 27. Sept 62.

Ástkæri vin!

Ég sendi þér í gær eðr fyrradag bögguls med blöðum og öðru slíku, en ekkert bréf, eg ætladi að láta það bída þess, að eg gæti sent þér bók frá Jóni Árnasyni ex af þjóðsögunum, sem hann pietatis i ausa vill senda þér med egin hendi, en sú bók er ekki enn úrgaði gjör, svo eg get ekki sent hana idag. Eg hefdi þó enn reynt þína heilaga þolinmæði, hefdi eg ekki idag (áðan) fengið rítdóm þinn um bók Rives, sem eg í skyndi hefi lesið, og störlega gladst af dómi þínum. Það er auðsætt, að þar hefir þú ordið doctior juris, eins og vid var ad búast. Eg er alskostar samdóma þér í því, að Ísland er síðr en ekki allra landa elst; mér sýnist ágæti landsins mest vera í því, að það er svo sem ný grein á gömlum bol. Ad ætlast til ad elstu lög sé á Íslandi er líkt og ad leita elstu enskra